



Sendandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Kennitala: 650394-2089
Heimilisfang: Við Vífilstaðaveg
Bæjarfélag: 210 Garðabæ

Efni: Umsögn um þingskjal 608 – 411. mál.

24. mars 2015

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG, fagnar því að Alþingi vinni að því að ríkisvaldið einfaldi íþróttafélögum á Íslandi starf sitt en eins og málum er háttað í dag þá er þessi málaflokkur nær eingöngu á herðum sveitafélaga ásamt því að Íþróttafélögin reyna eftir veikum mætti að fjármagna uppbygginguna með eigin rekstri.

Með umsögn þessari ætlum við ekki að tíunda þann hag sem þjóðfélagið hefur af íþróttastarseminni, því er gerð ágætleg skil í greinargerð frumvarpins. Það má þó bæta því við að fyrir utan það að reka öflugt barna- og unglíngastarf, þá sinnir golfíþróttin einstaklingum á öllum aldri og vert er að geta þess að hlutur eldri borgara er verulegur. Hjá GKG er skiptingin eftirfarandi:

	Fjöldi iðkenda	Hlutfall
Barnastarf	450	19%
Unglíngastarf	320	14%
Almennir félagsmenn	1.300	56%
Öldungar	250	11%
Samtals	2.320	100%

Þá viljum við jafnframt benda á það að gildi golfhreyfingarinnar ganga út á heiðarleika, jákvæðni og aga. Þessi gildi eru ríkjandi í öllu starfi GKG sem eykur uppeldisgildið í barna- og unglíngastarfinu.

Umsögn um 1. gr.

Samkvæmt erindi frá Ríkisskattstjóra ber Íþróttafélögum að innheimta virðisaukaskatt af auglýsingatekjum. Eðli málsins samkvæmt, þá er kostnaður við gerð auglýsinga og auglýsingaskiltin hæf til innskatts. Breytingar á lögum mega ekki koma í veg fyrir þann möguleika.

Umsögn um 2. gr.

Eins og að framan er getið sinnir GKG 2.320 einstaklingum, þar af eru tæplega 800 börn og unglíngar. Undanfarin ár hefur eina aðstaða golfklúbbsins verið í 170 fm skála. Aðstaðan er á engan hátt ásættanleg og því hóf GKG byggingu á Íþróttamiðstöð í ársbyrjun 2015. Slíkar framkvæmdir kosta 660 milljónir og fær GKG styrk frá Kópavogi og Garðabæ upp á kr. 440 milljónir. Afgangurinn eða 220 milljónir er fjármagnað af klúbbum sjálfum. Framlegð klúbbsins (EBITDA) undanfarin ár hefur verið um 25 milljónir. Sú upphæð er notuð til að fjármagna alla uppbyggingu og viðhaldi á þeim tækjum og tólum sem þarf við rekstur golfvalla. Eins og sjá má á meðfylgjandi sjóðstreymisfirliti þá má lítið út af bera í rekstri klúbbsins næstu ár til að hann geti staðið við sínar skuldbindingar. Næstu fjögur árin munu alfarið fara í að fjármagna bygginguna, ekki verður hægt að fara í frekari uppbyggingu eða

viðhald á tækjabúnaði á þeim tíma. Verði frumvarpið að lögum mun það breyta sviðsmyndinni verulega og mun íþróttafélagið geta haldið áfram uppbyggingu strax á árinu 2017 en fyrir liggur að bæta útiæfingavæði GKG um leið og félagið hefur til þess fjárhagslegt bolmagn.

	2016 (mars)	2017 (mars)	2018 (mars)	2019 (mars)	2020 til 2027 (mars)
Eftirstöðvar greiðslna frá sveitarfélögj	362.560	280.078	195.868	102.733	
Greiðsla frá sveitarfélögum	90.640	93.359	97.934	102.733	
Eftirstöðvar Sveitafélög	271.920	186.718	97.934	0	
Staða Arion (SF)	360.800	277.365	189.533	97.136	
Árleg greiðsla	90.200	92.455	94.766	97.136	
Eftirstöðvar Arion (SF)	270.600	184.910	94.766	0	
Vaxtagreiðslur GKG	10.553	7.211	3.696	0	
Staða Arion (GKG)	138.380	130.654	122.339	113.408	103.832
Árleg greiðsla	11.532	11.878	12.234	12.601	12.979
Eftirstöðvar Arion (GKG)	126.848	118.776	110.105	100.808	90.853
Árlegir vextir	1.695	5.820	5.395	4.940	4.452
Greiðslubirgði GKG	24.220	25.813	24.492	23.138	17.431

Það er því von og trú GKG að önnur grein frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, þingskjal 608 – 411. mál. hjóti farsæla meðferð hjá nefndinni og verði í framhaldinu lögð fyrir Alþingi.

FH. Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar
Agnar Már Jónsson

